

**Úrskurður
áfrýjunarnefndar samkeppnismála**

í máli nr. 3/2001

Vaxta ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I

Með bréfi, dags. 9. janúar 2001, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 11. janúar s.á. hefur Sigrún Bjarnadóttir, kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar til áfrýjanda dags. 5. janúar 2001.

Í fyrrgreindu bréfi stofnunarinnar er þess krafist með vísan til 39. gr. samkeppnislaga að áfrýjandi veiti upplýsingar um þann aðila sem lánaði fé til kaupa Grænmetis ehf. á hlutafé í Ágæti hf. gegn handveði í hinum keyptu hlutabréfum. Þá er krafist afhendingar afrita á öllum gögnum sem eru í vörslu áfrýjanda og tengjast umræddri fjármögnun. Í bréfinu kemur fram að umræddar upplýsingar og gögn þurfi að berast Samkeppnisstofnun fyrir kl. 16.00 mánudaginn 8. janúar 2001.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og úrskurðað verði að áfrýjanda sé óskýlt að láta Samkeppnisstofnun umræddar upplýsingar í té.

Samkeppnisstofnun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II

Málavextir eru þeir að á árinu 1999 keypti fyrirtækið Grænmeti ehf. 95% hlut í Ágæti hf. Eigandi Grænmetis ehf., Þórhallur Bjarnason garðyrkjubóndi, var stjórnarmaður í Sölufélagi garðyrkjumanna áður en kaupin áttu sér stað. Samkeppnisstofnun tók kaup þessi til rannsóknar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga um samruna og yfirtöku og beindi fyrirspurnum um kaupin m.a. til Þórhalls Bjarnasonar, Ágætis ehf. og Bananasölunnar, móðurfélags Sölufélags garðyrkjumanna.

Á fundi samkeppnisráðs þann 17. nóvember 1999 var tekin ákvörðun í fyrrgreindu máli nr. 44/1999. Í ákvörðunarorðum segir:

“Miðað við gögn málsins telur samkeppnisráð ekki ástæðu til að hafast að á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga vegna kaupa Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf. Komi síðar fram breytingar á þeim forsendum sem mál þetta er byggt á verður það tekið til meðferðar á ný.”

Í nóvember 2000 keyptu Bananar ehf. 95% hlut í Ágæti ehf. af Grænmeti ehf. Samkeppnisstofnun tók þau kaup til rannsóknar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga. Við þá rannsókn og í kjölfar hennar töldu starfsmenn Samkeppnisstofnunar koma fram vísbendingar um að ákvörðun nr. 44/1999 hafi verið byggð á röngum forsendum. Þar sem áfrýjandi, Vaxta ehf., kom að fjármögnun á kaupum Grænmetis ehf. á Ágæti hf. á árinu 1999, taldi Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að fá upplýsingar og gögn um kaupin og var því tekin hin kærða ákvörðun sem fram kemur í bréfi dags. 5. janúar 2001.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 8. janúar 2001, kvaðst áfrýjandi ekki getað orðið við kröfu Samkeppnisstofnunar um að veita umræddar upplýsingar. Þá var farið fram á frest til að svara Samkeppnisstofnum formlega og/eða leggja málið fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Með bréfi til áfrýjanda, dags. 9. janúar 2001, hafnaði Samkeppnisstofnun beiðni áfrýjanda um frest til að verða við kröfum stofnunarinnar.

III

Áfrýjandi telur að réttur Samkeppnisstofnunar til að krefja þá aðila sem samkeppnislög taka til um allar upplýsingar sem varða einstök mál takmarkist af tvennu: Í fyrsta lagi að sá sem krafinn er um upplýsingar verði að hafa einhver tengsl við það mál sem verið er að rannsaka hverju sinni. Þessu skilyrði sé ekki fullnægt því að áfrýjanda séu viðskipti Grænmetis ehf. og Banana ehf. með hluti í Ágæti hf. með öllu óviðkomandi. Í öðru lagi telur áfrýjandi það leiða af ákvæðum 56. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti að forsvarsmenn hans og allir starfsmenn séu bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem áfrýjandi hefur annast eða haft milligöngu um. Telur áfrýjandi að ákvæði 39. gr. samkeppnislaga breyti ekki þeirri þagnarskyldu.

Samkeppnistofnun telur hins vegar að ákvæði 39. gr. samkeppnislaga veiti nægjanlega heimild að fá þær upplýsingar og gögn sem farið er fram á. Gögnin séu nauðsynleg til þess að rannsaka frekar grunsemdir um ólögmetan samruna sem hafi hafist með kaupum

Grænmetis ehf. á 95% hlut í Ágæti af Búnaðarbanka Íslands fyrir tilstilli áfrýjanda eins og nánar greinir í málinu.

IV

Niðurstaða

Eins og fram hefur komið snýst mál þetta eingöngu um aðgang Samkeppnisstofnunar að gögnum og upplýsingum við rannsókn máls.

Í 1. og 2. mgr. 39. gr. samkeppnislaga segir:

Samkeppnisstofnun getur krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Í 1. mgr. greinarinnar koma fram tvö megin skilyrði fyrir beitingu hennar. Í fyrsta lagi verður hún að beinast að fyrirtæki sem lögin taka til. Áfrýjunarnefnd telur alveg ljóst að Vaxta ehf. er fyrirtæki sem samkeppnislög taka til enda er ekki um það deilt í málinu. Í öðru lagi verða viðkomandi upplýsingar að vera nauðsynlegar við athugun einstakra mála. Samkeppnisstofnun hefur fært fram viss rök fyrir því að grundvöllur ákvörðunar nr. 44/1999 kunni að vera rangur þar sem að með kaupum Grænmetis ehf. á hlutum í Ágæti hf. hafi tilgangurinn í raun verið að tryggja samruna fyrirtækjanna Banana ehf. og Ágætis hf. m.a. með aðstoð Vöxtu hf. Kaup Grænmetis ehf. á hlutunum hafi því aðeins verið liður í öðru samrunaferli sem ekki hafi verið ljóst er ákvörðun 44/1999 var tekin. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að yfirstandandi rannsókn sé réttlæt看leg í ljósi þessarar atburðarrásar og þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í málinu. Einnig telur áfrýjunarnefndin að þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir séu eðlilegar og nauðsynlegar í þeirri rannsókn. Af þessu sökum er ekki unnt að fallast á fyrri málsástæðu áfrýjanda.

Í 59. gr. 1. nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti segir m.a. svo:

Eigendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn fyrirtækja í verðbréfabjónustu eru bundnir þagnarskyldu um öll víðskipti sem fyrirtækin annast eða hafa milligöngu um, svo og allt það er varðar hagi víðskiptamanna fyrirtækjanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt (...).

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að 39. gr. samkeppnislaga hafi að geyma rúma heimild til að krefjast upplýsinga og gagna við athugun einstakra mála. Heimildin er skýr og telst ein þeirra heimilda sem fyrrgreind 59. gr. gerir ráð fyrir sem forsendu fyrir aðgangi að upplýsingum og gögnum. Af þessum sökum er heldur ekki unnt að fallast á síðari málsástæðu áfrýjanda.

Þar sem ákvörðun Samkeppnisstofnunar telst að öðru leyti nægjanlega rökstudd og afmörkuð ber að staðfesta hana.

Úrskurðarorð

Ákvörðun samkeppnisstofnunar í bréfi frá 5. janúar 2001 til Vöxtu ehf. um veitingu á upplýsingum og afhendingu gagna er staðfest.